

# Viðbragðsáætlun – sauðfjárþú

## Leiðbeiningar

### Yfirlitsmynd

Teiknið einfalt yfirlit gripahús og merkið með tölustöfum mikilvæga staði. Þeir helstu eru:

1. Rafmagnstafla
2. Vatnsinntök (bæði heitt og kalt ef á við)
3. Slökkvarar fyrir ljós
4. Stjórnstöðvar fyrir rafmagnstæki (viftur, gluggar o.fl.)
5. Slökkvitæki
6. Gaskútar
7. Eldsneytistankur
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_

Teiknið einnig inn rúllustæður og gerið grein fyrir heygæðum svo hægt sé að velja rétta heytegund fyrir réttan gripahóp. Dæmi um merkingar:

Miðsvetrarhey = M

Sauðburðarhey = S

Hálmur/undirburður = HU

### Dagleg verk - leiðbeiningar

#### Fóðrun

Hvaða gróffóður er notað fyrir hvern gripahóp, hvar er þetta fóður staðsett í rúllustæðu (merkingar)? Ef viðbótarfóður er gefið, hvað á hver hópur að fá mikið magn og af hvaða fóðri? Er sjálfvirk brynning eða þarf að fylla á vatn hjá einhverjum hópum?

Ekki gleyma hrossum, hænum, köttum og hundum sem eru ekki eins augljós og framleiðslugripirnir á bænum.

#### Dráttarvél/liðléttingur/skotbómulyftari

Lýsið á einfaldan hátt hvernig dráttarvél er gangsett og notuð dagsdaglega. Þarf að virkja glussakerfið svo ámoksturstæki virki? Er öryggisnúmer til að geta gangsett vinnuvélina?

#### Sauðburður

Er lyfjaskráning viðhöfð á búinu og er lyfjaskápurinn tilbúinn fyrir sauðburðinn? Hvernig er sauðburðarskipulagið, hvernig eru bornar ær hýstar og hvernig eru lömb merkt (bæði einstaklingsmerkingar og mörkun)? Á hvaða tún skulu bornar ær settar? Hvernig er viðbótarfóðrun úti háttað?

Hvaða heilsufarsvandamál hafa helst komið upp á sauðburði á undanförunum árum og þarf að hafa sérstaklega í huga við eftirlit?

#### Símaskrá

Nauðsynlegt er að setja inn símanúmer hjá þeim aðilum sem hægt er eða nauðsynlegt getur verið að ná í, t.d. dýralækni, nágranna eða til að sækja sér ráðgjöf varðandi fóðrun og skráningar í skýrsluhaldskerfi.

Dagleg verk - almennt

Fóðrun

Önnur dýr:

Verkefni framundan – dagsett (t.d. bólusetningar í aðdraganda sauðburðar)

Dráttarvél/liðléttingur/skotbómulyftari

Gangsetning:

Sauðburður

Sauðburðarhýsing:

Lyfjanotkun og skráning:

Merkingar lamba:

Beitarskipulag og viðbótarfóður úti:

Símaskrá

Neyðarlínan: ..... 112

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir almenna ráðgjöf t.d. vegna skýrsluhalds: ..... 516-5000

Dýralæknir búsins: \_\_\_\_\_

Nágranni (nafn – númer): \_\_\_\_\_

Rafvirki: \_\_\_\_\_

Kjarnfóðurpöntun: \_\_\_\_\_

Pípari: \_\_\_\_\_

Þjónustuaðili: \_\_\_\_\_

Þjónustuaðili: \_\_\_\_\_

[Leiðbeiningarefni um burðarhjálp](#)

Flýtleið á leiðbeiningarefni á YouTube: [shorturl.at/cGOW2](https://shorturl.at/cGOW2)

## Yfirlitsmynd af útihúsum

1. Rafmagnstafla
2. Vatnsinntök (bæði heitt og kalt ef á við)
3. Slökkvarar fyrir ljós
4. Stjórnstöðvar fyrir rafmagnstæki  
(viftur, gluggar o.fl.)
5. Slökkvitæki
6. Gaskútar
7. Eldsneytistankur
8. \_\_\_\_\_
9. \_\_\_\_\_

Teiknið einnig inn rúllustæður og gerið grein fyrir  
heygæðum svo hægt sé að velja rétta heytegund fyrir  
réttan gripahóp. Dæmi um merkingar:

Miðsvetrarhey = M

Sauðburðarhey = S

Hálmur/undirburður = HU